

## ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNДАРÁÐ

Ár 2013, föstudaginn 6. sept. var haldinn 190. fundur ípróttta- og tómsunduráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi og hófst hann kl. 11:05.

Viðstaddir: Eva Einarasdóttir formaður, Eva Baldursdóttir, Ragnar Hansson, Bjarni Þór Sigurðsson, Marta Guðjónsdóttir og Kjartan Magnússon. Einnig: Hermann Valsson áheyrnarfulltrúi VG, Ómar Einarsson framkvæmdastjóri, Steinhóur Einarsson skrifstofustjóri, Andrés Bögebjerg Andreassen fjármálastjóri, Gísli Árni Eggertsson skrifstofustjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Fjárhagsáætlun 2014. Rætt um gjaldskrármál.

kl. 11:50 vék Steinhóur Einarsson skrifstofustjóri af fundi.

2. Lögð fram að nýju tillaga Besta flokksins og Samfylkingar:

Ípróttta- og tómsunduráð samþykkir að skipa starfshóp til að skoða möguleg áhrif á auknu samstarfi og eða sameiningu íprótttafélaga. Starfshópurinn skal skoða fjárhagsleg, félagsleg og íprótttaleg áhrif slíkrar samvinnu/sameiningar. Einnig skal skoða hver áhrif slíkrar samvinnu/sameiningar getur haft á uppbyggingu og rekstur íprótttamannvirkja í hverfum borgarinnar. Í hópnum verði þrjú fulltrúar úr ípróttta- og tómsunduráði, einn fulltrúi ÍBR auk framkvæmdastjóra ÍTR og ÍBR. Hópurinn hafi heimild til að kalla til liðs við sig ráðgjafa utan borgarinnar. Hópurinn skal skila tillögum að næstu skrefum eigi síðar en 1. febrúar 2014.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Minnihlutinn sat hjá.

Lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Markmið þeirrar vinnu, sem ætlunin er að hrinda af stað með umræddri tillögu Besta flokksins og Samfylkingarinnar, er að sameina íprótttafélög í Reykjavík, sem eru frjáls og sjálfstæð félög. Við teljum ekki rétt að slík vinna sé á forræði starfshóps, sem skipaður er þremur fulltrúum Ípróttta- og tómsunduráðs Reykjavíkur en aðeins einum fulltrúa stjórnar Íprótttabandalags Reykjavíkur, málsvara viðkomandi félaga. Við teljum mikilvægt að í slíkri vinnu komi ekki tilmæli að ofan heldur sé tryggt að slíkar viðræður fari fram á milli viðkomandi íprótttafélaga og Reykjavíkurborgar á jafnræðisgrundvelli og þannig tryggt að sjónarmið allra félaga heyrast, sem umræddar sameiningarhugmyndir ná til.

3. Lögð fram að nýju eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Ípróttta- og tómsunduráð Reykjavíkur óskar eftir því að aðstöðu til hjólabrettaiðkunar verði komið fyrir á Klambatúni að nýju.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að afla upplýsinga um kostnað.

kl. 12:10 vék Gísli Árni Eggertsson skrifstofustjóri af fundi.

4. Ípróttta- og tómsunduráð Akureyrar mun koma í heimsókn miðvikudaginn 25. september og kynna sér starfsemi ÍTR.
5. Lagt fram bréf Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 26. ágúst sl. með ósk um umsögn um forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2013-2017.
6. Lagt fram bréf Ungmennafélagsins Fjölnis vegna átaks í kvennaknattspyrnu í Grafarvogi.  
Samþykkt að styrkja átakið.

7. Lagt fram sex mánaða uppgjör ÍTR.
8. Lagt fram bréf Júðofélags Reykjavíkur dags. 20. ágúst sl. með ósk um styrk vegna viðhalds mannvirkis.  
Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
9. Framkvæmdastjóri ræddi um viðhald mannvirkja félaga.
10. Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:  
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um stöðu og framvindu viðræðna milli Ungmennafélagsins Fjölnis og Reykjavíkurborgar en starfshópur um málið átti að skila af sér álit 15. ágúst sl.  
Greinargerð fylgdi fyrirspurninni.

**Fundi slitið kl. 12:25.**

Eva Baldursdóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson

Eva Einarsdóttir

Ragnar Hansson